



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Mat ríkislögreglustjóra á hættu af hryðjuverkum og öðrum stórfelldum árásum

GREININGARDEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

20. febrúar 2015

Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Inngangur	6
1 Ógnir og viðbúnaður.....	7
2 Hryðjuverkaógn í Evrópu	10
3 Hryðjuverkaógn á Norðurlöndum.....	13
4 Ógnarmat í Noregi.....	14
5 Ógnarmat í Danmörku.....	14
6 Ógnarmat í Svíþjóð.....	15
7 Ríki Íslams og uppgangur þess	17
8 Erlendir bardagamenn	17
9 Hverjir ganga til liðs við Ríki Íslams?	18
10 Hvaða ógn stafar af liðsmönnum Ríkis Íslams eftir heimkomu?	19
11 Samfélagsmiðlar	20
12 Hryðjuverkaógn á Íslandi.....	21
13 Aðrar stórfelldar árásir.....	23
14 Ógnarmat greiningardeildar vegna hryðjuverka	26
14.1 Hættustig	26
14.2 Niðurstaða	26

Samantekt

Í þessari skýrslu er farið yfir helstu þætti í þróun hryðjuverka og ógnarmats í Evrópu, á hinum Norðurlöndunum og lagt mat á hryðjuverkaógn á Íslandi. Einnig eru gerðar tillögur til stjórnvalda á grundvelli matsins.

Niðurstaða ógnarmats greiningardeildar vegna hryðjuverka er eftirfarandi:

- Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja og með þeim fyrirvörum sem greint er frá í skýrslunni er niðurstaða greiningardeildar ríkislögreglustjóra að hættustig á Íslandi er metið í meðallagi. Hættustig í meðallagi er skilgreint svo: Almennt er talið að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástands innanlands eða í heismálum.
- Vesturlöndum stafar almenn og vaxandi ógn af starfsemi hryðjuverkasamtaka og hættulegra einstaklinga.
- Óvissa um hryðjuverkaógn fer vaxandi á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum ekki síst vegna möguleika hryðjuverkasamtaka að koma á framfæri áróðursboðskap á internetinu og samfélagsmiðlum í því skyni að hvetja til hryðjuverka.
- Alvarleg og vaxandi ógn á Norðurlöndunum skapar aukna óvissu í ógnarmyndinni hér á landi.
- Greiningardeild býr yfir upplýsingum um að Ísland hafi verið notað sem „gegnumstreymisland“ manna frá Norður-Ameríku á leið til og frá þátttöku í bardögum í Mið-Austurlöndum í nafni Ríkis íslams.
- Samdóma mat öryggisstofnana á Vesturlöndum er að raunveruleg hættu sé á að fólk sem heillast af málf lutningi liðsmanna á borð við Ríki íslams, oftast en ekki um internetið, reynist reiðubúið að fremja ódæðisverk í nafni samtakanna þó svo að viðkomandi hafi ekki tekið þátt í bardögum undir fána Ríkis íslams í Mið-Austurlöndum. Það er mat greiningardeildar að slíkur áróður geti fengið einstaklinga hér á landi til að fremja voðaverk.
- Hér er til staðar geta til að framkvæma árásir með vopnum sem eru aðgengileg almenningi. Slíkar árásir geta bæði verið tilfallandi eða skipulagðar með stuttum fyrirvara. Lögregla á Íslandi býr yfir upplýsingum um einstaklinga sem telja verður hættulega samfélaginu þar sem viðkomandi búa yfir bæði löngun og getu til að fremja voðaverk.
- Í landinu eru vopn, aðgengileg almenningi, sem nýta má til að framkvæma hryðjuverk og aðrar stórfelldar árásir. Rúmlega 72.000 skotvopn eru löglega skráð í landinu en fjöldi óskráðra vopna er óþekktur.

- Greiningardeild býr ekki yfir upplýsingum um að í undirbúningi sé hryðjuverk gegn Íslandi eða íslenskum hagsmunum. Vegna takmarkaðra rannsóknarheimilda skortir upplýsingar til að leggja mat á mögulega ógn. Greiningar verða því ónákvæmari en ella sem um leið felur í sér meiri áhættu fyrir samfélagið.
- Skortur á upplýsingum skapar óvissu. Ef lögreglan fær ekki upplýsingar getur það leitt til þess að ekki er hægt að bregðast við og koma í veg fyrir voðaverk. Af þessu leiðir að skortur á upplýsingum er veikleiki sem fallinn er til að auka áhættu.

Tillögur til úrbóta:

Hér á landi eru til staðar veikleikar í hryðjuverkavörnum og ríkislögreglustjóri telur brýnt að gera viðeigandi ráðstafanir sem raktar eru í skýrslu þessari og öðrum skýrslum sem embættið hefur unnið á síðustu árum.

Í ljósi þeirra hryðjuverka sem framin hafa verið í Evrópu nýlega og þeirra fjölmörgu árása sem unnt hefur verið að afstýra þar á síðustu misserum m.a. á grundvelli aukinna rannsóknarheimilda, er það tillaga ríkislögreglustjóra að gripið verði til eftirfarandi aðgerða:

- Hugað verði að lagasetningu um auknar rannsóknarheimildir lögreglu vegna rannsókna brota er beinast gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórn s.s. hryðjuverkabrotum, sbr. X. og XI. kafla almennra hegningalaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.
- Einnig verði hugað að lagasetningu sem banna ferðalög til þátttöku sem erlendir bardagamenn (e. Foreign fighters) í hryðjuverkastarfsemi.
- Lagt er til að lögreglan verði eflað til þess að sinna forvörnum og fyrirbyggjandi starfi á ofangreindu sviði með fjölgun lögreglumanna, sérfræðinga og bættum búnaði.
- Einnig er lagt er til að viðbúnaðargeta almennrar lögreglu þ.m.t. sérsveitar vegna hryðjuverkaógnar og annarra alvarlegra voðaverka verði eflað með auknum búnaði og þjálfun.
- Lagt er til að myndaður verði samráðsvettvangur lögreglu, félagsþjónustu og heilbrigðisyfirvalda með auknum heimildum til að miðla upplýsingum um einstaklinga sem kunna að ógna öryggi almennings.
- Sköpuð verði félagsleg úrræði fyrir þá sem verða fyrir áhrifum róttækni (radikalísingur, e. radicalization).

Einnig er vakin athygli á ábendingum sem fram komu í skýrslu utanríkisráðuneytisins í mars 2009 (Áhættumatskýrsla fyrir Ísland: Hnattrænir, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir), en þar segir:

- Taka þarf á Íslandi mið af þeim viðbúnaði við hryðjuverkum sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum og Evrópusambandinu.
- Veita þarf lögregluþyriföldum sambærilegar heimildir á sviði hryðjuverkavarna og gert er í nágrennaríkjum, en jafnframt að tryggja fullt eftirlit Alþingis og dómstóla með slíkum heimildum.
- Varnir gegn öfga- og hryðjuverkastarfsemi geta ekki takmarkast við öflugri viðbúnað lögreglu, heldur verða þær líka að byggjast á stefnu í málefnum nýrra Íslendinga og flóttamanna sem tryggir jafnvægi í samfélaginu og auðveldar aðlögun nýrra borgara að því.

Inngangur

Aldrei áður hafa hryðjuverkasamtök átt jafn greiðan aðgang að einstaklingum um heim allan og aldrei áður hafa illvirkjar átt jafn auðvelt með að efna til persónulegra tengsla við fólk um víða veröld.

Í sí tengdum heimi internets og samfélagsmiðla eru landamæri ekki til. Viðtekna hugmyndir um smæð, einangrun og sérstöðu eiga sér í raun litlar stoðir í nútímanum.

Hryðjuverkasamtök nýta sér internet og samskiptamiðla til fullnustu til að koma á framfæri boðskap sínum og afla sér nýrra liðsmanna og hvetja þá til ódæðisverka. Hatursáróður samtakanna getur einnig haft áhrif á einstaklinga sem hatast út í samfélagið og/eða eiga við erfiðleika að glíma og/eða þjást af félagslegri einangrun og sæta jafnvel útskúfun.

Þekkt er að fjöldamorðingjar og ódæðismenn sækja sér upplýsingar og hvatningu á internetið. Þeir nýta einnig iðulega þá tækni til að koma boðskap sínum á framfæri. Þekkt er að fjöldamorðingjar á Vesturlöndum hafi greint frá vanlíðan sinni, hatri á samfélaginu og jafnvel áformum áður en þeir létu til skaras skriða. Einkum hefur þetta verið áberandi í tengslum við skotárásir í skólum.

Að sögn Evrópulögreglunnar (Europol) fer hryðjuverkaógn vaxandi í Evrópu og hefur hún ekki verið meiri frá árásinni á Bandaríkin 11. september 2001. Hryðjuverkaógn fer einnig vaxandi að mati yfirvalda í nágrenni Íslendinga.

Á Íslandi hefur hættustig vegna hryðjuverka verið talið lágt á undanförunum árum. Greiningardeild ríkislögreglustjóra telur að aukin óvissa og óstöðugleiki einkenni ógnarmyndina á Íslandi. Niðurstaða greiningardeildar er að hættustig er í meðallagi. Er þá ekki síst horft til ástandsins í nágrenni Íslendinga og þeirra sterku áhrifaþátta sem internetið og samfélagsmiðlar eru. Hið sama gildir um stórfelldar árásir svo sem fjöldadráp sem teljast ekki hryðjuverk í skilningi almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Allt frá 2008 hefur greiningardeild ítrekað varað við hættunni sem kann að stafa af einstaklingum með tilliti til stórfelldra árasa og ofbeldisglæpa. Viðbúnaður lögreglu gagnvart slíkum ógnum skiptir miklu. Í tilviki vopnaðra árasa og fjöldadrápa hefur reynslan erlendis sýnt að árasarmenn hafa hætt drápum við það að vopnuð lögregla kom á vettvang. Brýnt er að tryggja viðbúnaðargetu lögreglu vegna hryðjuverkaógnar og annarra stórfelldra árasa. Ríkislögreglustjóri telur mikilvægt að stjórnvöld bregðist við skýrslum og fyrri tillögum embættisins á þessu sviði.

Í ljósi þeirra hryðjuverka sem framin hafa verið í Evrópu nýlega, sem og þeirra fjölmörgu árása sem unnt hefur verið að afstýra þar á síðustu misserum m.a. á grundvelli aukinna rannsóknarheimilda og öflugs viðbúnaðar, er það mat ríkislögreglustjóra að skoða beri lagasetningu sem færir lögreglunni auknar rannsóknarheimildir. Þá telur ríkislögreglustjóri brýnt að efla viðbúnaðargetu lögreglu vegna hryðjuverkaógnar og annarra alvarlega voðaverka. Þetta á jafnt við um mannafla og búnað til þess að fyrirbyggja ógnir og bregðast við ef upp koma slík tilvik.

1 Ógnir og viðbúnaður

Stjórnvöldum ber á hverjum tíma að marka stefnu í öryggismálum og leitast við að tryggja öryggi borgaranna með fullnægjandi lagasetningu. Geta lögreglu til að tryggja öryggi borgaranna ræðst þannig hverju sinni af mati ríkisstjórnar og Alþingis á þeim ógnum sem stafa að samfélaginu. Lagaramminn sem settur er um starfsemi og heimildir lögreglu ræður mestu um getu hennar til að fyrirbyggja ógnir er varða öryggi ríkisins og almennings. Búi lögreglan ekki yfir fullnægjandi úrræðum minnka líkur á að hún fái staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til hennar lögum samkvæmt.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur á síðustu árum upplýst ríkisstjórn, Alþingi og almenning á markvissan hátt um mögulega hryðjuverkaógn og þá hættu sem einstaklingar geta skapað í samfélaginu. Þetta var m.a. gert í sérstakri skýrslu sem tekin var saman í septembermánuði 2012 vegna óhæfuverka norska fjöldamorðingjans Anders Breiviks. Í henni var farið yfir stöðu mála hér á landi í ljósi atburðanna í Noregi og settar fram tillögur til úrbóta í 31 lið.

Að auki hefur embætti ríkislögreglustjóra sent frá sér skýrslur og samantektir um öryggis- og viðbúnaðarmál. Má þar nefna ítarlega samantekt og tillögur um eflingu lögreglu og almannavarna á sviði öryggismála (2006) og skýrslu um öryggi æðstu stjórnar ríkisins (2011) þar sem jafnframt er að finna tillögur um heildarskipulag öryggismála til framtíðar. Frá 2008 hefur greiningardeild ríkislögreglustjóra reglulega gefið út hættumat þar sem fjallað er um hryðjuverkaógn. Þar hefur verið bent á að íslenska lögreglan ræður ekki yfir rannsóknarheimildum á sviði hryðjuverkavarna sem eru sambærilegar við þær sem þekkjast hjá nágrannaþjóðum.

Á síðustu árum hefur víðtæk umræða um hryðjuverk og hryðjuverkaógn farið fram á Vesturlöndum. Umræðan hefur einkum lotið að því hvernig og af hversu miklum þunga bregðast beri við ógninni. Segja má til einföldunar að álitaefnin snúist um grunnildi hins frjálsa þjóðfélags og viðbúnað og eftirlit í nafni öryggis.

Í Áhættumatsskýrslu fyrir Ísland: Hnattrænar, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir sem þverfaglegur hópur tók saman (útg. utanríkisráðuneytið, mars 2009) er vikið að því að hryðjuverkamenn kunni að leita hér á landi að veikleika í öryggisviðbúnaði vestrænna ríkja og eigi það einnig við um undirbúning hryðjuverka í öðrum ríkjum. Sem fullgildir þátttakendur í alþjóðasamfélaginu hafa íslensk stjórnvöld undirgengist fjölmargar skuldbindingar á vettvangi hryðjuverkavarna og -viðbúnaðar. Þetta fylgir m.a. aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO), Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu auk samstarfs við Evrópulögregluna (Europol) og aðrar löggæslustofnanir. Á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) er þung áhersla lögð á samvinnu aðildarríkjanna á sviði hryðjuverkavarna og kröfur eru skilyrðislausar og skýrar. Þess er m.a. krafist að aðildarríki sé jafnan tilbúið að veita aðstoð sé farið fram á hana.

Mikilvægi alþjóðlegs lögreglusamstarfs hefur farið vaxandi enda er hryðjuverkaógnin ekki staðbundin. Embætti ríkislögreglustjóra tekur þátt í viðamiklu alþjóðlegu lögreglusamstarfi. Embættið á samstarf við fjölmarga erlenda aðila sem leggja og lagt hafa mikla vinnu í að greina ógnina og vinna gegn hryðjuverkum. Í ljósi vaxandi hryðjuverkaógnar hafa mörg vestræn ríki talið nauðsynlegt að efla viðbúnað lögreglu og annarra borgaralegra öryggisstofnana.

Ljóst er að fámennt samfélag Íslendinga verður ekki lagt að jöfnu við þjóðir á meginlandi Evrópu sem flestar eiga sér sögu hernaðar, nýlendustefnu og mikilla fólksflutninga. Allt fram eftir 20. öld bjuggu Íslendingar við talsverða einangrun en bættar samgöngur og tækniframfarir hafa gjörbreytt þeirri stöðu. Árið 2014 nam fjöldi ferðamanna til Íslands þrefaldri íbúatölunni.

Á Íslandi hefur tíðni glæpa verið lág og Íslendingar teljast til þeirra þjóða sem búa við hvað mest öryggi. Á hinn bóginn er það svo að þróun á Norðurlöndum varðandi umfang og eðli ógna og glæpa hefur í fyllingu tímans orðið hin sama á Íslandi. Þessi hefur t.a.m. orðið raunin á sviði skipulagðrar brotastarfsemi og má í því efni vísa til umsvifa hópa innlendra og erlendra afbrotamanna, fíkniefnainnflutnings, mansals, vændis og vélhjólagerja. Með þetta í huga er óráðlegt að ganga að því vísu að á sviði hryðjuverkaógnar muni þróun á Íslandi verða önnur en í nágrannalöndunum.

Á Norðurlöndum og raunar víðar í Evrópu hafa viðbrögð stjórnvalda við vaxandi hryðjuverkaógn einkum verið tvíþætt. Annars vegar hefur verið leitast við að styrkja stoðir lýðræðisins og stuðla að auknu gegnsæi í viðbrögðum lögreglu ásamt fordómalausri umræðu um stöðu mála. Hins vegar hafa viðbrögðin falist í því að afneita ekki ógninni og efla viðbúnað og getu lögreglu ásamt því að efla félagsleg úrræði af ýmsum toga.

Þessum viðbrögðum stjórnvalda lýsti Jens Stoltenberg, þáverandi forsætisráðherra Noregs, í ræðu skömmu eftir fjöldamorð Anders Breiviks í Útey og Ósló sumarið 2011. Þar sagði Stoltenberg: „Svar okkar er meira lýðræði, meira gegnsæi og meiri mannúð. En aldrei einfaldni“, (n. „Vårt svar er mer demokrati, mer åpenhet og mer humanitet. Men aldri naivitet“). Í ljósi atburðanna í Kaupmannahöfn 14 -15. febrúar 2015 lét Mette Frederiksen, dómsmálaráðherra þau orð falla að fólk mætti ekki vera barnalegt í hugsun því það væru myrk öfl sem vildu dönsku þjóðinni allt illt og Danir yrðu að vera reiðubúnir til að bregðast við því.

Viðbúnaður og frumkvæðisskylda lögreglu vegna hryðjuverkaógnar og annarra stórfelldra árása svo sem fjöldadrápa er lögbundið hlutverk hennar. Samkvæmt fyrirbyggjandi áhættugreiningu ríkislögreglustjóra frá 2014 á viðbragðsgetu lögreglu í vopnamálum er getu og viðbúnaði verulega ábótavant. Það á ekki síst við um landsbyggðina þar sem næsta lögreglustöð er oft í mikilli fjarlægð. Í áhættugreiningunni er bent á úrbætur sem eru til þess fallnar að hækka öryggisstigið svo það verði ásættanlegt.

Í þessu efni ber að hafa í huga hið mikla aðgengi sem er að vopnum á Íslandi. Rúmlega 72.000 skotvopn eru skráð á Íslandi (haust 2014). Samkvæmt opinberum tölum eru vopn þessi í eigu 27.249 einstaklinga. Heimildir eru fyrir því að fjöldi óskráðra vopna er í umferð og nefna má að árið 2014 lagði lögreglan hald á 60 vopn og vitað er um 18 tilvik þar sem vopni var stolið.

Sérsvait ríkislögreglustjóra er eina vopnaða lögreglusveit landsins. Frá 1. janúar 2011 til 13. janúar 2015 hefur sveitin alls vopnast 227 sinnum vegna atvika/tilkynninga sem bárust lögreglu. Vert er að taka fram að verkefni þessi voru þess eðlis að nauðsynlegt þótti að beita vopnuðum liðsafla vegna upplýsinga um að í viðkomandi tilvikum væru vopnaðir menn á ferð.

Á síðustu fjórum árum hefur sérsvait ríkislögreglustjóra vopnast í eftirfarandi fjölda tilvika:

2011	2012	2013	2014	2015
43	50	71	61	2 (13.1.15)

Á sama tímabili hefur almenn lögregla vopnast í samræmi við hlutverk sitt í tilvikum vopnamála í eftirfarandi fjölda tilvika:

2011	2012	2013	2014
8	8	7	6 (30.9.14)

Þegar horft er til síðustu fjögurra ára er því ljóst að sérsveit ríkislögreglustjóra hefur að meðaltali vopnast einu sinni í viku og raunar rúmlega það vegna slíkra tilvika/tilkynninga. Á sama tíma hefur hin almenna lögregla vopnast á tveggja mánaða fresti eða þar um bil.

2 Hryðjuverkaógn í Evrópu

Aðildarríki Evrópusambandsins skilgreina hryðjuverkastarfsemi (e. terrorism) sem glæpsamlega verknaði sem miða að því að ógna samfélögum, þvinga ríki til að verða við kröfum gerenda og/eða grafa undan pólitískum, stjórnskipunarlegum, efnahagslegum og félagslegum grundvallarþáttum ríkis eða alþjóðastofnunar.

Evrópulögreglan (Europol) telur að hryðjuverkaógn í álfunni sé bráð og af margvíslegum toga (e. acute and diverse). Í nýjustu hryðjuverkaskýrslu Evrópulögreglunnar sem nefnist TE-SAT 2014 (e. European Union Terrorism Situation and Trend Report 2014) segir að meirihluti aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) telji mikla ógn stafa af hryðjuverkastarfsemi sem tengist trúaröfgum og hefur handtökum vegna slíkrar starfsemi farið fjölgandi. Rob Wainwright, yfirmaður Evrópulögreglunnar, sagði 13. janúar 2015 að ríki Evrópu hefðu ekki staðið frammi fyrir svo alvarlegri hryðjuverkaógn frá því liðsmenn samtakanna Al-Kaída réðust á Bandaríkin 11. september 2001 og drápu um 3.000 manns. Wainwright lét þessi orð falla á fundi með breskri þingnefnd sem boðað var til eftir árás öfgafullra íslamista¹ 7. janúar 2015 á ritstjórnarskrifstofur franska skopmyndaritsins Charlie Hebdo í París.

Hér skal tekið fram að flestir múslimar eru ekki íslamistar og flestir íslamistar eru andvígir beitingu ofbeldis til þess að ná fram pólitískum markmiðum. Öfgasinnaðir íslamistar eru með öðrum orðum lítill minnihlutahópur í flestum Evrópuríkjum.

Evrópulögreglan telur að spenna og ójafnvægi í sumum ríkjum Mið-Austurlanda og Norður-Afríku hafi bein áhrif á öryggisstigið í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Handtökum sem tengjast viðleitni til að fá fólk til að taka þátt í hryðjuverkastarfsemi og/eða fá viðkomandi til að halda til átakasvæða í því skyni fer ört fjölgandi í Evrópu.

Þekkt eru tengsl á milli skipulagðra glæpahópa og hryðjuverkasamtaka í Evrópu en talið er að séu bundin við tiltekna hópa og tilviljanakennd.

¹ Orðið „íslamisti“ vísar til heittrúarmanns sem fylgir bókstafstúlkun á kennisetningum Kóransins.

Á síðustu misserum hefur athygli manna á Vesturlöndum beinst mjög að Ríki íslams, (e. Islamic state) samtökum sem náð hafa styrkri stöðu í Írak og Sírlandi með undraskjótum hætti og leitast mjög við að ná til ungs fólks á Vesturlöndum jafnt í þeim tilgangi að fá viðkomandi að halda til átakasvæða í Mið-Austurlöndum eða til að fremja hryðjuverk í eigin heimalöndum (á ensku er heiti þessara samtaka skammstafað ýmist ISIS, ISIL og IS). Það er mat Evrópulögreglunnar að vaxandi ógn stafi af borgurum í ríkjum Evrópusambandsins sem halda til átakasvæða í því skyni að taka þátt í hryðjuverkastarfsemi og snúa aftur til heimalanda sinna í Evrópusambandinu reiðubúnir að fremja hryðjuverk. Þekkt eru dæmi þess að viðkomandi hafi beinlínis fengið fyrirmæli hryðjuverkasamtaka um að aðstoða við, skipuleggja eða fremja hryðjuverk eftir að heim er komið. Þetta á sérstaklega við um samtökin Al-Kaída og Ríki íslams.

Þá veldur vaxandi áhyggjum að einstaklingar eiga sífellt greiðari aðgang að áróðursefni þar sem ofbeldi er upphafið og lofað. Aðgangur að slíku efni á internetinu getur valdið því að viðkomandi gerist öfgafullur og tilbúinn til að gangast fyrir óhæfuverkum án þess þó að hann gerist nauðsynlega handgenginn sjálfri hugmyndafræðinni eða gangi til liðs við hryðjuverkasamtök. Víða á Vesturlöndum beinist athyglin að slíkum „sjálfsprottnum“ (e. self-radicalization) öfgamönnum sem iðulega vekja litla eða enga athygli fyrr en þeir láta til skarar skriða.

Á undanförunum mánuðum hafa samtökin Ríki íslams lagt á það vaxandi áherslu í áróðri sínum að hvetja menn til að fremja hryðjuverk í heimalöndum sínum í stað þess að halda til Sírlands og Íraks til að berjast þar.

Að mati Evrópulögreglunnar hefur þessi þróun í för með sér að „ný vídd“ hefur skapast hvað varðar hryðjuverkaógn innan Evrópusambandsins. Nýir hópar í aðildarríkjunum búi nú yfir getu og ásetningi til að fremja hryðjuverk og velji oft óvænta tímasetningu og skotmörk. Nefna má þessu til sannindamerkis morð á breskum hermanni um miðjan dag á götu úti í London í maímánuði 2013, dráp á kanadískum hermanni í Montreal í októbermánuði 2014 og gíslatöku á kaffihúsi í Sydney í Ástralíu í desembermánuði 2014 sem lyktaði með blóðbaði; þrír gíslar létu lífið og árársarmaðurinn var felldur. Að sögn yfirvalda í viðkomandi ríkjum voru öfgafullir islamistar að verki í öllum tilvikum.

Árás hryðjuverkamanna á skrifstofur skopmyndatímaritsins Charlie Hebdo í París miðvikudaginn 7. janúar 2015 er á hinn bóginn dæmi um skipulagða aðgerð sem beinist gegn tilgreindu skotmarki. Tveimur dögum síðar felldi lögregla hryðjuverkamennina. Viku síðar lýsti talsmaður Al-Kaída í Jemen yfir ábyrgð á árásinni og hótaði frekari aðgerðum á Vesturlöndum. Lögreglan í Frakklandi handtók í kjölfarið fjölda fólks vegna gruns um tengsl við hryðjuverkastarfsemi.

Að morgni 9. janúar þegar lögregla hafði umkringgt hryðjuverkamennina tvo sem réðust á skrifstofur skoptímaritsins tók maður viðskiptavini verslunar gyðinga í austurhluta Parísar í gíslingu. Sá lýsti yfir hollustu við samtökin Ríki íslams. Síðdegis sama dag réðst lögregla til atlögu, felldi manninn og frelsaði 15 gísla. Árásarmaðurinn hafði þá myrt fjóra af gíslunum. Líkt og í Sydney í desember var árásin á verslunina dæmi um hryðjuverk gegn algjörlega óvörðu skotmarki (e. soft target) og þannig árás á hið opna samfélag.

Þann 15. janúar 2015 réðst lögreglan í Belgíu til atlögu gegn hryðjuverkamönnum á mörgum stöðum í landinu, felldi tvo þeirra og handtók fjölmarga. Að sögn talsmanns stjórnvalda tókst með þessu að koma í veg fyrir stórfelldar árásir hryðjuverkamanna sem hugðust einkum láta til skarar skriða gegn lögreglunni, á götum úti og á lögreglustöðvum. Talið er að stór hluti þeirra sem handteknir voru hafi tekið þátt í bardögum undir fána Ríkis íslams.

Þann 16. janúar handtók lögreglan í París mann sem tekið hafði tvo menn sem gísla. Maðurinn var vopnaður riffli og handsprengrum. Ekki er talið að maðurinn tengist hryðjuverkamönnum en vera kann að hann hafi viljað líkja eftir gíslatökunni í versluninni (e. copy-cat).

Árásirnar í byrjun janúar sýna að hryðjuverkamenn líta á vestrænt samfélag í heild sinni sem skotmark. Þeir eru reiðubúnir að ráðast gegn almennum borgurum sem engrar verndar njóta sem og lögreglunni og jafnvel lögreglustöðvum.

Andrew Parker, yfirmaður bresku leyniþjónustunnar, MI5, sagði í ræðu er hann hélt 8. janúar 2015 að vígamenn Al-Kaída í Sírlandi hygðust láta til skarar skriða á Vesturlöndum. Sagði hann ódæðismennina stefna að því að valda „miklu manntjóni“ og nefndi að skotmörkin væru m.a. samgöngukerfið og staðir sem hefðu táknrænt gildi á Vesturlöndum. Parker, sem mjög hefur hvatt til þess að heimildir lögreglu til að fylgjast með samskiptum hryðjuverkamanna á internetinu verði auknar, sagðist vera áhyggjufullur. „Það sem einkum veldur mér áhyggjum sem yfirmanni MI5 er það bil sem stöðugt stækkar á milli vaxandi ógnar og minnkandi getu til að takast á við hana.“

Í kjölfar árásarinnar í París og atburðanna í Belgíu hefur hættustig vegna hryðjuverkaógnar verið hækkað víða í Evrópu.

3 Hryðjuverkaógn á Norðurlöndum

Þann 14. febrúar réðst 22 ára Dani gegn menningarhúsi í Kaupmannahöfn þar sem fram fór ráðstefna um málfrelsi. Hann skaut til bana einn mann og særði þrjá lögreglumenn. Síðar um kvöldið skaut sami maður öryggisvörð til bana við bænahús gyðinga í borginni og særði tvo lögreglumenn. Skömmu síðar felldi danska lögreglan manninn í skotbardaga. Maðurinn, Omar Abdel Hamid El-Hussein var þekktur ofbeldismaður. Sérfræðingur í hryðjuverkamálum telur einsýnt að ef lögregla hefði ekki verið til staðar og brugðist við væru líkur á að mannfall hefði orðið mun meira.

Í kjölfar árásarinnar í Danmörku hefur sænska öryggislögreglan haft samvinnu við dönsku öryggislögregluna með það í huga að kanna hvort einstaklingurinn sem þarna átti í hlut tengist á einhvern hátt Svíþjóð. Það er mat sænsku öryggislögreglunnar að árásin hafi áhrif á öryggis- og viðbúnaðarstig í Svíþjóð. Einnig hefur sænska lögreglan aukið viðbúnað vegna hryðjuverkaógnar.

Árásin á skrifstofur franska tímaritsins í janúar 2015 minnir á áform öfgafullra íslamista um að ráðast gegn starfsfólki danska dagblaðsins Jyllands-Posten í Kaupmannahöfn vegna skopmynda sem þar höfðu birst af Múhameð spámanni. Í desembermánuði 2010 voru fimm menn handteknir í Danmörku og Svíþjóð skömmu áður en þeir hugðust fremja fjöldamorð á skrifstofum Jyllands-Posten í hefndarskyni vegna skopmyndanna. Að sögn dönsku lögreglunnar hugðust árásarmennirnir myrða eins marga af starfsmönnum blaðsins og þeim frekast væri unnt. Áður höfðu öfgafullir íslamistar reynt að myrða teiknara blaðsins, Knud Westergaard.

Í janúarmánuði 2015 skýrði yfirmaður sænsku öryggislögreglunnar SÄPO frá því að þar í landi hefði tvívegis verið komið í veg fyrir hryðjuverk á undanliðnum 18 mánuðum. Yfirmaðurinn sagði að án fjarskiptaeftirlits og hlerana hefði ekki verið unnt að afstýra þessum árásum.

Í fyrra varaði öryggisþjónusta norsku lögreglunnar, PST, við aukinni hryðjuverkaógn í Noregi og taldi líklegt að reynt yrði að fremja hryðjuverk í landinu á næstu 12 mánuðum.

Skopmyndamálið í Danmörku árið 2005 og síðar endurbirting myndanna árið 2008 auk þátttöku Norðurlandanna í aðgerðum Atlantshafsbandalagsins (NATO) hefur gert Norðurlöndin að eftirsóknarverðu skotmarki hryðjuverkasamtaka íslamista.

Frá árinu 2008 hafa alþjóðlegir hryðjuverka- og öfgahópar sett æ ríkara mark á ógnarmat Norðurlandanna.

Á undanförunum misserum hefur ógnarmat Norðurlandanna þróast í þá átt að almenn viðvarandi hætta sé af hryðjuverkum alþjóðlegra öfgahópa íslamista.

Jafnframt er ljóst að óhæfuverk norska fjöldamorðingjans Anders Breivik í Noregi hafa haft mikil áhrif á ógnarmatið á Norðurlöndum. Breivik sýndi hversu hroðaleg grimmdarverk einfari getur gerst sekur um í nafni pólitískrar hugmyndafræði og haturs á tilteknum samfélagshópum. Ógnin er ekki bundin við hryðjuverkasamtök íslamista.

4 Ógnarmat í Noregi

Í byrjun nóvembermánaðar 2014 kynnti öryggisþjónusta norsku lögreglunnar (PST) ríkisstjórn Noregs ógnarmat vegna samtakanna Ríki íslams. Í ógnarmatinu segir að telja verði líkur á því að Ríki íslams freisti þess að fremja hryðjuverk í Noregi á næstu 12 mánuðum.

Í ógnarmatinu segir að tilteknir hópar séu taldir í meiri hættu en aðrir og að aðgerðir samtakanna eða stuðningsmanna muni einkum beinast gegn norskum hermönnum, lögreglumönnum og stjórnámálamönnum.

Tekið er fram í matinu að ógnin sé ekki talin sambærileg við þá sem sögð var ríkja í Noregi sumarið 2014 en þá taldi PST hættu á því að almenningur í Noregi yrði fyrir árásum hryðjuverkamanna Ríkis íslams. Vástig var hækkað og vopnuð varðgæsla tekin upp við stjórnarstofnanir, samgöngumannvirki o.s.frv.

Norski ríkislögreglustjórinn, Odd Reidar Humlegård, sagði á blaðamannafundi 5. nóvember 2014 að til viðbótar við ógn gegn almenningi beindist hún nú sérstaklega gegn lögreglu- og hermönnum í Noregi.

5 Ógnarmat í Danmörku

Í skýrslu sem Greiningarmiðstöð dönsku leyniþjónustunnar (CTA, Center for Terroranalyse) birti í desember 2014 segir að hryðjuverkaógnin gegn Danmörku sé alvarleg. CTA heyrir undir leyniþjónustu dönsku lögreglunnar (d. Politiets Efterretningstjeneste).

Hryðjuverkaógnin í Danmörku er að mestu leyti talin stafa frá einstaklingum og hópum sem aðhyllast herskáan íslamisma. Helstu hvatar fyrir baráttu þessara hópa og einstaklinga eru m.a. sú sameiginlega skoðun þeirra að íslam sæti árásum af hálfu Vesturlanda, teiknimyndamál Jyllands-Posten og stefna Danmerkur í utanríkis- og öryggismálum, nú síðast þátttaka í baráttunni gegn Ríkis íslams.

Átökin í Sírylandi og Írak eru einn helsti þáttur í ógnarmynd Danmerkur varðandi hugsanleg hryðjuverk. Um 110 manns (desember 2014) hafa farið frá Danmörku til þess að taka þátt í baráttu íslamista í Mið-Austurlöndum og átökin á því svæði halda áfram að laða að nýja bardagamenn. CTA telur að þeir vígamenn sem fara nú frá Danmörku styðji langflestir samtökin Ríki íslams.

CTA telur að einstaklingar í Danmörku leiti eftir tengslum við hópa herskárna íslamista og að í því umhverfi eigi sér stað róttækling (e. radicalization), nýir meðlimir séu fengnir til liðs við herskáan íslamisma og greitt fyrir ferðum einstaklinga til átakasvæða í Sírylandi og Írak með ýmsum hætti.

Útbreiðsla áróðurs herskárna íslamista fer í vaxandi mæli fram á internetinu og á samfélagsmiðlum. CTA telur að slíkur áróður geti fengið fólk í Danmörku til að fremja hryðjuverk. Það er mat CTA að í Danmörku sé til staðar geta til að framkvæma hryðjuverkaárásir með vopnum sem eru aðgengileg almenningi. Slíkar árásir geta bæði verið tilfallandi eða skipulagðar með stuttum fyrirvara.

CTA segir að vaxandi fjöldi bardagamanna sem snýr til baka frá Sírylandi og Írak með herþjálfun og bardagareynslu auki hættu á einföldum árásum sem geti haft mikil samfélagsleg áhrif sem og hættu á flóknari árásum þar sem ráðist væri gegn fleiri en einu skotmarki.

CTA telur að nýlegur áróður Ríkis íslams þar sem hvatt er til árása í löndum sem taka þátt í stríðinu gegn samtökunum geti skerpt á hryðjuverkaógn gegn dönskum hagsmunum erlendis. Ógnin stafi sérstaklega frá einstaklingum eða hópum sem tengjast eða hafa samúð með málstað Ríkis íslams eða Al-Kaída.

6 Ógnarmat í Svíþjóð

Samkvæmt upplýsingum frá sænsku öryggislögreglunni, Säkerhetspolisen, er helsta hryðjuverkaógnin í Svíþjóð bundin við einstaklinga sem aðhyllast og/eða styðja við herskáa íslamska hugmyndafræði og hryðjuverkastarfsemi. Markmiðið er oft að styðja hryðjuverk á átakasvæðum, svo sem í Írak, Afganistan, Sómalíu, Jemen og Sírylandi.

Margir einstaklingar hafa einnig ferðast frá Svíþjóð til átakasvæða í Mið-Austurlöndum í því skyni að sækja þjálfun sem tengist hryðjuverkum og öðru ofbeldi. Vitað er að einstaklingar staðsettir/búsettir í Svíþjóð styðja og/eða fjármagna hryðjuverkasamtök og –starfsemi í öðrum löndum. Aðild Svíþjóðar að alþjóðasáttmálum fylgir sú ábyrgð samkvæmt þjóðarrétti að vinna gegn hryðjuverkum og hryðjuverkastarfsemi svo sem fjármögnun hryðjuverka. Ákveðnir einstaklingar styðja hryðjuverkastarfsemi erlendis með því að afla nýrra fylgjenda við málstaðinn í Svíþjóð.

Í nokkur skipti frá haustinu 2010 hefur sænska öryggislögreglan skráð tilvik þar sem hryðjuverk eða tilraunir til hryðjuverka hafa beinst gegn Svíþjóð eða Danmörku. Helsti hvati til þessara hryðjuverka virðist vera sú skynjun að Vesturlönd niðurlægi íslam og jafnvel hefur þátttaka erlendra herja þ. á m. hins sænska í stríðinu í Afganistan áhrif á þá ákvörðun að framkvæma hryðjuverk. Árásir á skotmörk í Svíþjóð hafa tengst hugmyndafræði Al-Kaída. Ugg vekur í Svíþjóð að erlendir talsmenn öfgafullrar hugmyndafræði hvetji til árása þar í landi.

Sænska öryggislögreglan telur að stuðningur við hryðjuverkastarfsemi öfgafullra íslamista felist einkum í að skipuleggja hryðjuverk í öðrum löndum, fjármagna þau, auðvelda ferðalög bardagamanna til átakasvæða, afla nýrra fylgjenda við málstaðinn og vígamanna. Róttækling (e. radicalization), fjármögnun og liðssöfnun fer oft en ekki fram á samfélagsmiðlum en einnig með fyrirlestrum og áróðursstarfsemi á internetinu. Til að sporna gegn þessari þróun má m.a. nefna að samfélög múslima í Svíþjóð og fjölskyldur þeirra sem ferðast hafa til útlanda í því skyni að taka þátt í átökum hryðjuverkahópa hafa barist gegn slíkum áróðri.

Reynsla alþjóðasamfélagsins sýnir að í flestum þeim tilvikum þar sem stórar og flóknar hryðjuverkaárásir hafa verið skipulagðar er löggæsluyfirvöldum kunnugt um þá hópa hryðjuverkamanna sem eru að verki. Sænska lögreglan telur með vísun til þessa líklegt að í slíkum tilvikum muni lögreglu takast að koma upp um þær á skipulagsstigi.

Hins vegar hafa á undanförunum árum komið upp tilvik í Svíþjóð þar sem gerendur hafa skipulagt og framkvæmt árásir einir síns liðs. Afar mismunandi er hvort hugmyndafræði af einhverjum toga hefur legið til grundvallar ofbeldisverkum þessara einstaklinga. Erfitt getur reynst að komast á spor um fyrirætlanir þeirra jafnvel þó að þeir skilji eftir slóð sem getur gefið vísbendingar um áform þeirra og undirbúning. Vegna þess að þeir njóta hvorki stuðnings annarra né eru hluti af stærra samsæri getur því reynst erfitt að koma í veg fyrir árásir. Í þessum málum verður sænska öryggislögreglan að reiða sig enn frekar á aðstoð og upplýsingar frá almenningi.

Sænska öryggislögreglan segir ekki unnt að útiloka að aðrir hópar og einstaklingar en þeir sem aðhyllast herskáan íslamisma framkvæmi hryðjuverkaárásir í Svíþjóð. Þetta þýðir meðal annars að sænska öryggislögreglan verður að fylgjast vel með þróun mála á alþjóðavettvangi. Stuðningur við hryðjuverkastarfsemi í Svíþjóð takmarkast heldur ekki við herskáan íslamisma t.d. má benda á að kúrdísku samtökin PKK reka umfangsmikla stuðningsstarfsemi í Svíþjóð s.s. fjármögnun og liðssöfnun.

7 Ríki íslams og uppgangur þess

Ríki íslams sem berst meðal annars fyrir nýju ríki múslima, kalífadæmi, hefur á skömmum tíma tekist að leggja undir sig stór landssvæði og margar borgir í Sýrlandi og Írak.

Átökin í Sýrlandi hófust í marsmánuði 2011. Fyrst í stað voru mótmæli gegn stjórnvöldum friðsamleg en þau tóku smám saman á sig mynd vopnaðra átaka. Um miðjan júlímánuð 2012 lýsti Rauði krossinn yfir að borgarastyrjöld geisaði í landinu.

Stríðið tók á sig enn aðra mynd þegar uppreisnarhópar sem berjast gegn Assad Sýrlandsforseta tóku að berjast innbyrðis og fjöldi öfgasinnaðra samtaka sem aðhyllast hugmyndafræði hryðjuverkanetsins Al-Kaída efldist til muna. Ríki íslams sem bæði Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar auk fjölda ríkja hafa skilgreint sem hryðjuverkasamtök er langöflugast þessara samtaka.

Ríki íslams er sá hryðjuverkahópur sem dregur flesta erlenda bardagamenn til átakasvæðanna og hefur jafnframt stærsta hluta bardagamanna frá Evrópu í röðum sínum. Ekkert bendir til þess að straumur vestrænna bardagamanna fari minnkandi og álit sérfræðinga að þetta stríð muni vara í langan tíma.

Ríki íslams hefur á kerfisbundinn hátt notað internetið til að stuðla að róttæklingu (radíkaliseringu/e. radicalization). Talið er víst að einhver hluti þeirra ungu manna sem ganga til liðs við samtökin hafi kynnst áróðri þeirra á netinu og í kjölfarið tekið ákvörðun um að fara til Sýrlands/Írak og berjast með Ríki íslams.

8 Erlendir bardagamenn

Átökin í Sýrlandi og Írak eru sérstök hvað varðar þátttöku erlendra vígamanna. Í Sýrlandi og Írak er áætlað að um 13.000 erlendir bardagamenn taki þátt í átökum undir fána Ríkis íslams. Fjöldi manna, aðallega ungir múslimskir karlmenn á aldrinum 19-26 ára, hefur ferðast frá Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku til að berjast með hryðjuverkasamtökum.

Erfitt er að meta nákvæmlega þann fjölda vestrænna manna sem hefur gengið til liðs við Ríki íslams. Rob Wainwright, yfirmaður Europol, sagði 13. janúar 2015 að 3.000 til 5.000 evrópskir ríkisborgarar hefðu haldið til átakasvæða í Sýrlandi og víðar. Evrópulögreglan hefði útbúið lista með nöfnum þeirra sem grunaðir væru um þátttöku í hernaði í Mið-Austurlöndum og væri á honum að finna um 2.500 nöfn.

Þetta er mesta þátttaka evrópskra múslima sem erlendra bardagamanna í sögu allra vopnaðra átaka nútímans. Fjöldi þeirra er jafnvel meiri en samanlagður fjöldi allra vestrænna múslima sem hefur tekið þátt í öllum vopnuðum átökum frá árinu 1990 til 2010.

Fjögur lönd skera sig nokkuð úr hvað þátttökufjöldi varðar; Frakkland, Bretland, Belgía og Þýskaland. Þrjár þessara þjóða eru hinar fjölmennustu í Evrópu og því unnt að skýra mikinn fjölda vígamanna þaðan sem hlutfall af heildarfjölda íbúa.

Á Norðurlöndum er hlutfall vígamanna sem halda til Sýrlands einnig hátt þótt ekki sé um fjölmennar þjóðir að ræða. Hlutfallið í Danmörku er nú hið næst hæsta á eftir Belgíu eða um 18 manns á hverja milljón íbúa.

Staðfest er að fjöldi manna hefur farið frá Norðurlöndunum til að berjast í Sýrlandi/Írak; um 110 frá Danmörku, rúmlega 80 frá Svíþjóð, um 70 frá Noregi og rúmlega 40 frá Finnlandi. Tölurnar eru frá í janúar 2015 og varða staðfest tilvik en líklegt má telja að enn fleiri hafi farið frá Norðurlöndunum til að berjast í Sýrlandi og Írak. Þannig liggja fyrir upplýsingar um að allt að 300 manns hafi haldið frá Svíþjóð til að berjast í Mið-Austurlöndum.

Ekki eru vísbendingar um að dragi úr straumi þeirra vígamanna frá Norðurlöndum sem vilja taka þátt í átökunum. Ákveðin hætta er talin á að þessir einstaklingar geti reynst hættulegir og auki á hryðjuverkaógnina í heimalandinu eftir heimkomu. Árásirnar í Frakklandi og handtökurnar í Belgíu í janúar 2015 eru til marks um að sú ógn er raunveruleg.

9 Hverjir ganga til liðs við Ríki íslams?

Tiltækar upplýsingar greiningardeildar eru á þann veg að einkum sé um að ræða aðra og þriðju kynslóð innflytjenda sem játa íslam þegar horft er til þess hverjir það eru sem reynast tilbúnir að yfirgefa samfélag og fjölskyldu og berjast undir fána Ríkis íslams í Mið-Austurlöndum.

Flestir erlendir bardagamenn í Sýrlandi og Írak sem koma frá Norðurlöndunum eru ungir karlmenn sem hafa lítil eða engin fjölskyldutengsl við Sýrland. Margir þeirra eru fæddir og uppaldir á Norðurlöndum. Einnig eru sagðar fréttir af norrænum mönnum sem gerst hafa múslimar og þá hafa konur og börn ferðast til svæðisins. Sameiginlegt einkenni margra þeirra ungu norrænu karla sem vitað er að hafa ferðast til Sýrlands og Íraks er að þeir hafa hvorki framhaldsmenntun né fasta atvinnu. Þar að auki virðast einhverjir þeirra tengjast skipulagðri glæpastarfsemi. Þessi tiltölulega veiku tengsl við norrænt samfélag geta verið vegna ýmissa þátta.

Margir þeirra leita að samfélagslegri viðurkenningu með öðrum hætti en jafnan er tengd menntun og atvinna, þ.e. það að berjast með Ríki íslams getur veitt þessum ungu mönnum þá viðurkenningu og sjálfsmynd sem er meira í samræmi við gildi þeirra og heimsmynd.

Í hópi þeirra einstaklinga sem farið hafa til Mið-Austurlanda og tekið upp vopn er einnig að finna dæmi um menntaða einstaklinga sem hafa áður verið vel aðlagðir að norrænu samfélagi en hafa skorið á öll tengsl við nærumhverfi sitt og jafnvel móðurmál í kjölfar róttæklingar (radíkalíséringar). Erfitt getur reynst að ná til þessa hóps með félagslegum aðgerðum þar sem viðkomandi einstaklingar hafa í upphafi sterka samfélagslega stöðu en hafa einangrað sig frá þjóðfélaginu með því að gerast bókstafstrúaðir vígamenn.

Þá eru staðfest tilvik fyrir hendi þess efnis að félagar í glæpahópum jafnt sem þekktum, alþjóðlegum vélhjólagentjum, sem tengjast skipulagðri glæpastarfsemi, hafi haldið til Mið-Austurlanda að eigin frumkvæði til að taka þátt í átökum þar. Í þeim tilvikum sækjast viðkomandi eftir „persónulegri upphafningu“ (e. Glory Fighters) og spennu með þátttöku í bardögum og voðaverkum. Ekki er því um að ræða að viðkomandi aðhyllist öfgafulla íslamska hugmyndafræði.

10 Hvaða ógn stafar af liðsmönnum Ríkis íslams eftir heimkomu?

Í fyrsta lagi má telja að þeir sem að hafa hlotið bardagabjálfun og öfgafulla trúarinnrætingu og í framhaldi af því tekið virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd manndrápa og hryðjuverka öðlist aukna getu og vilja til að hrinda hryðjuverkum í framkvæmd í heimalandinu eða annars staðar á Vesturlöndum vegna þess að:

- Þekkt er að þeir sem snúa aftur heim hafi fengið fyrirmæli frá yfirmönnum í þeim bardagahópi sem þeir tilheyra í Sýrlandi/Írak um að fremja hryðjuverk í heimalandinu. Staðfest dæmi um slíkt eru fyrir hendi.
- Erlendir vígamenn í Sýrlandi og Írak fá vopnabjálfun, bardagabjálfun og í einhverjum tilfellum sérhæfða bjálfun.
- Þeir sem eru langdvölum í samneyti við trúarofstækismenn og sannfærða öfgasinnaða íslamista sæta innrætingu. Sömuleiðis geta gróf ofbeldisbrot sem menn upplifa eða framkvæma að skipun yfirmanna í nafni trúar eða eru réttlætt með tilvísun í trú haft varanleg áhrif á viðhorf og hegðun.
- Þegar einstaklingar hafa farið yfir þann siðferðislega þröskuld að drepa aðra manneskju svo ekki sé talað um að framkvæma fjöldamorð og fjöldaaftökur eins og gerst hefur ítrekað í Sýrlandi/Írak hefur það í för með sér varanlegan sálrænan skaða sem setur mark sitt á öll samskipti vígamannsins við aðra og skapar þannig aukna hættu.

Í öðru lagi er talið að ógn geti stafað af öfgasinnuðum íslamistum sem snúa heim frá Mið-Austurlöndum því þeir geti haft mikil neikvæð áhrif á samfélög múslima í heimalandinu. Þeir hafa víðtæk sambönd erlendis og geta greitt götu ungra manna sem vilja taka þátt í heilögu stríði. Sumir ungir múslimskir karlmenn líta upp til þessara heimkomnu vígamanna og vilja líkjast þeim. Þannig hafa þeir aukin áhrif og boðskapur þeirra nær til þess hóps sem líklegastur er til að fara til Sýrlands/Íraks og taka upp vopn. Erlendir samstarfsaðilar greiningardeildar segja dæmi um að slík viðleitni hryðjuverkasamtaka til að ná til ungra múslima fari fram fyrir opnum tjöldum og jafnvel á götum úti.

Í þriðja lagi er hætta á að erlendir bardagamenn í Sýrlandi og Írak, en einnig fólk sem aðeins hefur tekið þátt í hjálparstarfi, hafi upplifað óhugnanlega atburði og lífsreynslu. Að taka þátt í stríðsátökum eða upplifa stríð og þann skaða og óhugnað sem því fylgir getur valdið alvarlegum félagslegum frávikum. Sú reynsla eykur hættu á að viðkomandi valdi sjálfum sér og öðrum skaða.

11 Samfélagsmiðlar

Í heimi hátækni sem þekkir hvorki landamæri né hindranir við miðlun upplýsinga blasa við nýjar áskoranir á sviði borgaralegra öryggismála. Internetið er þar miðlægt og samskiptamiðlar sem við það styðjast.

Ljóst er að internet og samfélagsmiðlar eru nú meginfarvegur þeirrar boðunar sem öfgamenn halda uppi á Vesturlöndum hvort sem er í nafni trúar eða stjórnámálaskoðana. Jafnframt er ljóst að aldrei áður hafa svo margir átt greiðan aðgang að boðskap og áróðri herskárna öfgamanna.

Nú um stundir ber einkum á alþjóðalega hryðjuverkanetinu Al-Kaída og samtökunum Ríki íslams í Írak og Sýrlandi. Þessi samtök hafa náð góðum tókum á þeim möguleikum sem tæknin býður upp á; þau gefa m.a. út tímarit á netinu sem allir geta nálgast og miðla hatursáróðri og ofbeldisdýrkun af áður óþekktri elju og áhrifamætti. Í raun er það svo að notkun hryðjuverkasamtaka á netinu minnir einna helst á markaðssetningu stórfyrirtækja.

Áhrif og notkunarmöguleikar internets og samskiptamiðla eru ekki bundin við trúarofstækismenn. Pólitískir öfgamenn nýta internetið ekki síður jafnt til að miðla hatursáróðri, hvatningu til ódæðisverka og til að sækja sér upplýsingar. Vaxandi ólga í Evrópu, sem m.a. lýsir sér í aukinni andúð í garð innflytjenda og múslima, birtist á degi hverjum á internetinu.

Hryðjuverkasamtök nýta sér internetið til fullnustu. Skiptir þá engu málstaðurinn eða hversu skipulögð starfsemin er. Internetið og samfélagsmiðlar eru nýtt til að skipuleggja aðgerðir, ákveða skotmörk og ná til fólks í þeim tilgangi að fá það til að styðja málstaðinn, jafnvel með því að gangast fyrir hryðjuverki.

Að auki eru samfélagsmiðlar nýttir til að halda uppi samskiptum, gefa fyrirskipanir, skapa samkennd með notendum. Fjölgun þeirra einstaklinga í Evrópu sem gerast hallir undir öfgafulla hugmyndafræði eða stjórnmalastefnu er að nokkru leyti rakin til samfélagsmiðla. Það á ekki síst við um einstaklinga sem einir og óstuddir laðast til fylgis við slíka hugmyndafræði (e. self-radicalization). Hvað öfgafulla íslamista varðar er ljóst að samfélagsmiðlar eru einkum notaðir í tvennum tilgangi í Evrópu:

- a) Til að hvetja einstaklinga til að fremja árásir í nafni „persónulegs heilags stríðs“ (e. individual jihad) í heimalöndum sínum.
- b) Til að hvetja einstaklinga eða hópa til stuðnings við eða þátttöku í hernaði utan Evrópu.

Notkun á internetinu og samfélagsmiðlum í þeim tilgangi að miðla öfgafullri hugmyndafræði er vitaskuld ekki bundin við herskáa íslamista. Hópar sem hatast við innflytjendur og múslima nýta sér einnig tæknina til að koma boðskap sínum á framfæri. Hið sama gildir um aðra öfgamenn.

Slíkar vefsíður eru hýstar víða um heim og m.a. var vefsíðu samtakanna Íslamska ríkið sem hýst hafði verið hér á landi og hafði íslenskt lén lokað í október 2014. Vefurinn nefndist khilafah.is og var skráður á Íslandi í september.

12 Hryðjuverkaógn á Íslandi

Hættustig vegna aðgerða hryðjuverkamanna gegn ákveðnum skotmörkum eða viðburðum á Íslandi hefur í gegnum tíðina verið metið lágt. Hættustig á Íslandi var áður sambærilegt við það sem gildi á hinum Norðurlöndunum. Á síðustu árum hefur mat manna á stöðunni á hinum Norðurlöndunum tekið miklum breytingum líkt og rakið var hér að framan og hryðjuverkaógnin stóraukist.

Hryðjuverkaógnin er hnattræn og viðvarandi. Ísland tilheyrir Vesturlöndum og er þátttakandi í varnarsamstarfi NATO. Óráðlegt er að ganga að því sem vísu að hatursmenn vestrænnar menningar geri greinarmun á Íslendingum og öðrum vestrænum þjóðum þótt Íslendingar séu herlausir og taki ekki beinan þátt í aðgerðum gegn hryðjuverkasamtökum í Mið-Austurlöndum.

Við hættumat vegna hugsanlegra aðgerða hryðjuverkamanna á Íslandi ber að taka fram að lögreglan hefur ekki jafn víðtækar rannsóknarheimildir og lögregla í nágrannalöndunum. Möguleikar lögreglunnar á Íslandi til þess að fyrirbyggja hryðjuverk eru því ekki þeir sömu og á hinum Norðurlöndunum. Þessu fylgir einnig að íslenska lögreglan hefur mun takmarkaðri upplýsingar um mögulega ógn eða hættulega einstaklinga sem kunna að fremja hryðjuverk. Skortur á upplýsingum skapar óvissu og getur leitt til þess að lögregla fái ekki brugðist við og komið í veg fyrir voðaverk. Af þessu leiðir að skortur á upplýsingum er veikleiki sem felur í sér aukna áhættu fyrir samfélagið.

Upplýsingar um samtök og/eða öfgafulla og hættulega einstaklinga, sem kunna að skipuleggja hryðjuverk, þurfa að berast úr samfélaginu eða lögreglan að afla þeirra með öðrum lögmætum hætti. Mikilvægt er að slíkar upplýsingar berist svo hægt sé að bregðast við. Sú hætta er til staðar að upplýsingar berist ekki lögreglu og henni verði ekki unnt að afla þeirra.

Í Áhættumatsskýrslu fyrir Ísland: Hnattrænin, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir sem þverfaglegur hópur tók saman (útg. utanríkisráðuneytið, mars 2009) er vikið að alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga og mögulegum áhættuþáttum. Þar segir: „Ísland virðist ekki ofarlega á dagskrá hryðjuverkasamtaka. Hins vegar kynnu hryðjuverkamenn að nota landið sem griðastað. Einnig þarf að hafa í huga að aðeins þarf lítinn hópur öfgamanna til að valda miklum skaða. Af áhættuþáttum má nefna þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi; hryðjuverkamenn kynnu t.d. að beina sjónum að Íslandi vegna þátttökunnar í NATO eða vegna tengsla íslenskra stjórnvalda við þjóðarleiðtoga og erlend fyrirtæki. Sendifulltrúar sumra erlendra ríkja á Íslandi eða alþjóðlegir fundir eða ráðstefnur kunna einnig að draga að sér athygli þeirra,“ (bls. 74).

Í skýrslunni er ennfremur vikið að þeim möguleika að hryðjuverkamenn telji að hér á landi sé að finna veikleika í hryðjuverkavörnum vestrænna ríkja. Í skýrslunni segir: „Jafnvel þótt ríki á borð við Ísland teljist fremur ólíklegt skotmark og hér sé ekki frjór jarðvegur fyrir öfgasamtök kunna hryðjuverkamenn að leita hér að veikleika í öryggisviðbúnaði vestrænna ríkja. Þetta á ekki aðeins við um aðgerðir sem beinast að stofnunum eða starfsemi hér innanlands eða á nálægum hafsvæðum heldur einnig um undirbúning að hryðjuverkum í öðrum ríkjum vestan hafs eða austan,“ (bls.77).

Skýrslunni lýkur með eftirfarandi ábendingum (bls.78):

- Taka þarf á Íslandi mið af þeim viðbúnaði við hryðjuverkum sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum og Evrópusambandinu.

- Veita þarf lögregluþjófum sambærilegar heimildir á sviði hryðjuverkavarna og gert er í nágrannaríkjum, en jafnframt að tryggja fullt eftirlit Alþingis og dómstóla með slíkum heimildum.
- Varnir gegn öfga- og hryðjuverkastarfsemi geta ekki takmarkast við öflugri viðbúnað lögreglu, heldur verða þær líka að byggjast á stefnu í málefnum nýrra Íslendinga og flóttamanna sem tryggir jafnvægi í samfélaginu og auðveldar aðlögun nýrra borgara að því.

Framangreindar ábendingar skýrslunnar frá 2009 eiga enn við og mikilvægt að brugðist verði við þeim.

13 Aðrar stórfelldar árásir

Ógnir á sviði borgaralegra öryggismála eru ekki bundnar við öfgasinnaða íslamista og samtök þeirra. Ofbeldisverk sem framin eru á pólitískum grundvelli virðast einnig færost í vöxt, að sögn Evrópulögreglunnar. Þetta eigi ekki síst við um einstaklinga og hópa sem staðsett hafa sig á jaðri stjórnmalanna bæði til hægri og vinstri og þá sem telja sig stjórnleysingja (anarkista). Þessir hópar eru, að sögn Europol, margir hverjir ofbeldisfullir þótt almennt verði ekki sagt að aðferðafræði þeirra sé hin sama og hryðjuverkasamtaka.

Í nýjustu hryðjuverkaskýrslu Evrópulögreglunnar, TE-SAT 2014, segir að einstaklingar og hópar sem taldir eru lengst til vinstri (e. left-wing extremists) eða hallir undir stjórnleysisstefnu (anarkisma) láti einkum til sín taka vegna stjórnmalanna í heimalandinu. Leitast sé við að koma á sambandi hópa innan Evrópu sem hafa svipaða sýn til stjórnmalanna. Hvað varðar hópa lengst til vinstri og hópa sem hallir eru undir stjórnleysi sé venjan sú að aðeins lítill minnihluti félaga sé tilbúinn að taka þátt í ofbeldisverkum.

Öfgahópar og einstaklingar á hægri væng (e. right-wing extremists) stjórnmalanna hatast, að sögn Evrópulögreglunnar, gjarnan við innflytjendur, fjölmennings-samfélag og hnattvæðingu. Þessir hópar valdi einkum uppþotum og skapi félagslega spennu. Þekkt sé að slíkir hópar/einstaklingar tengist alvarlegum afbrotum en almennt sé litið svo á að einungis í undantekningartilvikum séu þeir tilbúnir að fremja hryðjuverk.

Hópar/einstaklingar sem hatast við íslam og múslima eru virkir í ríkjum Evrópu og vitað er að samskipti yfir landamæri eru mikil og nán. Tengd þessu er þróun sem víða má greina í ríkjum Evrópu þar sem vaxandi umburðarleysis og oft haturs gætir gagnvart tilteknum þjóðfélagshópum, einkum innflytjendum og oft múslimum. Víst má telja að umburðarlyndi gagnvart innflytjendum og trúarbrögðum þeirra fer víða þverrandi í Evrópu og má nú þegar greina þá þróun í nágrannalöndum Íslendinga.

Nefna má árásir á moskur múslima í Svíþjóð í desember 2014 þar sem bensínsprengjum var beitt. Í borginni Dresden í austurhluta Þýskalands hefur á síðustu mánuðum verið boðað til fjölmennra mótmæla gegn meintri „íslamsvæðingu“ Vesturlanda. Íslenskir stuðningshópur þessarar hreyfingar (d. Patriotische Europäer gegen die Islamisierung des Abendlandes - PEGIDA) hefur verið stofnaður á samfélagsmiðlinum Facebook.

Fjöldamorðin í Noregi sumarið 2011 sýna ljóslega hversu miklum skaða einn öfgamaður getur valdið. Breivik myrta 77 manns í nafni þeirra stjórnmalakenna sem hann aðhylltist og vegna haturs á íslam og múslimum. Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur í skýrslum sínum síðustu ár vakið athygli á því að hatur á samfélaginu geti, á Íslandi sem í öðrum löndum, orðið til þess að einstaklingur, gerist sekur um óhæfuverk á borð við fjöldadráp. Greiningardeild hefur með þessu leitast við að benda á að möguleg ógn á Íslandi er ekki bundin við hópa, innlenda eða erlenda, búsetta hér á landi eða aðkomna. Reynslan kennir að einstaklingar geta ekki síður verið ógn við samfélagið og að hvati og/eða „hugmyndafræðilegur grundvöllur“ voðaverka viðkomandi getur verið afar fjölbreytilegur og þarf engan veginn að vera bundinn við trúarofstæki eða stjórnmalaskoðanir.

Dæmi um þetta er fyrirhugað fjöldadráp í Kanada sem lögreglu tókst að koma í veg fyrir 14. febrúar 2015. Ungmenni höfðu uppi áform um að myrða sem flesta í verslunarmiðstöð í borginni Halifax. Síðan hugðist fólkið fremja sjálfsmorð. Að sögn lögreglu voru áform fólksins ekki hryðjuverkatengd heldur réð ferðinni löngun til að fremja fjöldadráp.

Evrópulögreglan (Europol) hefur tiltekið eftirfarandi áhættuþætti sem haft geta þau áhrif að einstaklingur, einkum ungir karlmenn, skipuleggi árás:

- Velja félagslega einangrun.
- Hafa áhuga/aðdáun á hermennsku og einkennisklæðnaði.
- Hata stjórnvöld/yfirvöld.
- Samsvara sig við fjöldamorð.
- Lýsa sig fylgjandi öfga- og hryðjuverkaárásum.
- Afla sér íhluta til sprengjugerðar.
- Afla sér skotvopna.
- Stunda líkamspjálfun og steranotkun.
- Stunda mikla spilun stríðs- og ofbeldistölvuleikja á netinu.

Í því efni er nærtækt að horfa til skotárása í skólum og annarra samsvarandi fjöldadrápa í Evrópu og Bandaríkjunum. Yfirleitt eru þau voðaverk ekki grundvölluð á trúarafstöðu viðkomandi eða pólitískri hugmyndafræði.

Oftar en ekki er þar um að ræða einstaklinga sem af margvíslegum sökum hafa fyllst svo miklu hatri á samfélaginu eða næsta umhverfi (t.d. skólanum) að þeir eru færir um að fremja hin hroðalegustu óhæfuverk.

Í Finnlandi voru skólaskotárásir árin 2007 og 2008 þar sem 18 manns voru myrtir. Árið 1994 voru tveir myrtir í slíkri árás í Árósum í Danmörku. Í nokkrum tilvikum hefur tekist að koma í veg fyrir skólaskotárásir á Norðurlöndum.

Ljóst er að internet og samfélagsmiðlar geta með ýmsu móti verið áhrifaþættir þegar kemur að skólaskotárásum og öðrum fjöldadrápum sem ekki eiga rætur að rekja til trúar eða pólitískra öfga. Möguleikar einstaklinga til að sækja sér upplýsingar sem tengjast áformum þeirra fara sífellt vaxandi og á það m.a. við um undirbúning, vopn, sprengjugeð og ekki síst fordæmi. Hvað stórfellda ofbeldisglæpi varðar telur greiningardeild að mögulegir ytri hvatar og áhrifaþættir fyrir hættulega einstaklinga hafa aldrei verið fleiri en nú.

Lögregla á Íslandi býr yfir upplýsingum um einstaklinga sem telja verður hættulega samfélaginu þar sem viðkomandi búa yfir bæði löngun og getu til að fremja voðaverk. Lögreglan hefur hins vegar takmarkaðar heimildir og getu til að bregðast við. Samráðsvettvangur skortir fyrir lögreglu, félagsþjónustu og heilbrigðisyfirvöld til að taka á þessum vanda. Mikilvægt er að lögregla, heilbrigðisyfirvöld og aðrir aðilar komi saman og miðli upplýsingum um einstaklinga sem kunna að ógna öryggi almennings.

Mikilvægt er að lögreglu berist upplýsingar úr samfélaginu um einstaklinga sem kunna að vera reiðubúnir að fremja slík ódæðisverk. Berist slíkar upplýsingar ekki eða birtist á samfélagsmiðlum hefur lögregla ekki möguleika til inngripa til þess að afstýra þeim.

14 Ógnarmat greiningardeildar vegna hryðjuverka

14.1 Hættustig

Hættustig byggir á mati á ógn sem talin er geta stafað af mannavöldum. Skilgreiningar hættustigs eru eftirfarandi:

Hættustig er lágt: Ekki eru fyrirliggjandi sérstakar upplýsingar um hættu á hryðjuverkum né almennt talin sérstök ástæða til að auka viðbúnað lögreglu.

Hættustig er í meðallagi: Almennt er talið að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástands innanlands eða í heimsmálum.

Hættustig er hátt: Talið er að hætta á hryðjuverkum geti verið fyrir hendi í ljósi ástands innanlands eða í heimsmálum.

Hættustig er hæst: Upplýsingar eru fyrirliggjandi um að hryðjuverk sé í undirbúningi eða talin er mikil hætta á því.

14.2 Niðurstaða

- Vesturlöndum stafar almenn og vaxandi ógn af starfsemi hryðjuverkasamtaka. Þegar þetta er ritað í febrúarmánuði 2015 á þessi lýsing einkum, en engan veginn einvörðungu, við samtökin Ríki Íslams og Al-Kaída. Það er sameiginlegt mat öryggisstofnana á Vesturlöndum að fólk sem heldur í nafni þessara samtaka til að taka þátt í bardögum í Írak og Sýrlandi skapi ógn og mikil hætta sé á því að fólk þetta fremji ódæðisverk í er það snýr aftur til Evrópu.
- Samdóma mat öryggisstofnana á Vesturlöndum er að raunveruleg hætta sé á að fólk sem heillast af málflutningi liðsmanna samtaka á borð við Ríki Íslams, oftast en ekki um internetið, reynist reiðubúið að fremja ódæðisverk í nafni samtakanna þó svo viðkomandi hafi ekki tekið þátt í bardögum undir fána Ríkis Íslams í Mið-Austurlöndum. Þetta mat hefur reynst rétt eins og atburðirnir í Frakklandi, Belgíu og Danmörku eru til vitnis um.
- Með vísun til þess að fjöldi manna frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hefur haldið til Mið-Austurlanda í því skyni að berjast þar í nafni Ríkis Íslams verður á engan veg útilokað að fólk búsett á Íslandi sé reiðubúið að gera hið sama.

Um þann möguleika að fólk hér á landi reynist tilbúið til að fremja hryðjuverk í nafni tiltekinna samtaka gildir hið sama; hann verður heldur ekki útilokaður.

- Greiningardeild hefur upplýsingar um að vígamenn frá Norður-Ameríku hafi farið um Ísland á leið til eða frá þátttöku í bardögum í Mið-Austurlöndum í nafni Ríkis íslams. Þetta „gegnumstreymi“ þarf ekki að þýða aukna hættu á hryðjuverkum hér á landi en vissulega er sú hættu til staðar. „Gegnumstreymið“ varðar þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslendinga. Í því efni skal vísað til ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna Nr. 2178 frá 24. september 2014 þar sem ítrekaðar eru skuldbindingar aðildarríkja á sviði hryðjuverkavarna og þeim er gert að gera það sem í valdi þeirra stendur til að hindra ferðir erlendra hryðjuverkamanna um lögsögu þeirra.
- Ástæða er til að ætla að slíkt „gegnumstreymi“ haldi áfram. Þar sem erlendar öryggisstofnanir gera almennt ráð fyrir því að hernaðaraðgerðir í Mið-Austurlöndum gegn samtökunum Ríki íslams með aðkomu vestrænna þjóða muni standa í langan tíma. Því telst viðvarandi hættu á að slíkt „gegnumstreymi“ hryðjuverkamanna fari fram um Ísland. Að mati greiningardeildar kallar þessi staðreynd ein og sér á aukinn viðbúnað á Íslandi hvað landamæraeftirlit og upplýsingaöflun um ferðir slíkra aðila varðar. Þá verður að hafa í huga að á Íslandi er að finna erlend skotmörk svo sem sendiráð.
- Ríki íslams og árangursrík viðleitni samtakanna og annarra hryðjuverkahópa til að ná til fólks á Vesturlöndum hefur áhrif á þann veg á Íslandi að viðtekna sviðsmyndir hryðjuverkaógnar verða óstöðugar og geta breyst skyndilega. Óvissa fer vaxandi ekki síst vegna áhrifaþátta á borð við internet og samfélagsmiðla auk vaxandi ógnar í nágrennaríkjum og á meginlandi Evrópu. Því kann sú staða að skapast að nauðsynlegt verði að hækka vástig/viðbúnaðarstig lögreglu snögglega.
- Lega Íslands skiptir ekki máli þegar kemur að áróðri á internetinu, þvert á móti getur almenn internetnotkun og tölvu- og snjalltækjæign einmitt stuðlað að því að fleiri en ella komast í kynni við samtök á borð við Ríki íslams. Vísað er til þess sem áður sagði um mikilvægi internets og samskiptamiðla í starfsemi hryðjuverkasamtaka nútímans.
- Lögregla á Íslandi býr yfir upplýsingum um einstaklinga sem telja verður hættulega samfélaginu þar sem viðkomandi búa yfir bæði löngun og getu til að fremja voðaverk.

- Möguleikar til að sækja upplýsingar sem tengjast áformum um að fremja stórfellda árás fara sífellt vaxandi og á það m.a. við um undirbúning, vopn, sprengjuverð og ekki síst fordæmi. Þekkt er að menn „hermi eftir“ ódæðisverkum sem framin hafa verið. Ytri hvatar og áhrifaþættir valda vaxandi óvissu á þessu sviði öryggismála.
- Í landinu eru til vopn, aðgengileg almenningi, sem nýta má til að framkvæma hryðjuverk og aðrar stórfelldar árásir. Slíkir atburðir geta verið handahófskenndir eða skipulagðir með skömmum fyrirvara.
- Greiningardeild býr ekki yfir upplýsingum um að í undirbúningi sé hryðjuverk gegn Íslandi eða íslenskum hagsmunum. Hafa ber í huga að sökum takmarkaðra rannsóknarheimilda skortir upplýsingar til að leggja mat á mögulega ógn og telst það veikleiki. Þessi veikleiki veldur óvissu og gerir greiningar ónákvæmari en ella sem um leið felur í sér meiri áhættu fyrir samfélagið.

Á grundvelli þess sem fram kemur í hættumatsskýrslu þessari, upplýsingum sem fyrir liggja og með þeim fyrirvörum sem greint hefur verið frá er niðurstaða greiningardeildar ríkislögreglustjóra sú að hættustig á Íslandi er metið í meðallagi. Almennt er talið að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástandsins innanlands eða í heimsámálum.